

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 1026/2010 um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

1. gr.

11. gr. breytist og orðast svo:

Grunnfjárhæð.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 149.000 kr. á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnæðið.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 223.500 kr. á mánuði ($149.000 : 2 = 74.500$. $149.000 + 74.500 = 223.500$).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 125.540 kr.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er 74.500 kr.

($149.000 : 2$). Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 125.540 kr. á mánuði.

Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði sé mætt með greiðslu vaxtabóta og húsaleigubóta en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Unglingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

2. gr.

19. gr. breytist og orðast svo:

Styrkur vegna húsbúnaðar.

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- til einstaklings sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
- til ungs fólks á aldrinum 18–24 ára, sem er eignalaust, sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
- þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum,
- þegar um er að ræða einstaklinga/hjón/sambúðarfólk sem eiga í félagslegum erfiðleikum og þurfa aðstoð vegna kaupa á nauðsynlegum heimilistækjum. Skilyrði er að viðkomandi hafi fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum síðastliðna þrjá mánuði.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr. nema þegar einstaklingur er að flytjast á sambýli, þá eru mörkin 50.000 kr.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru af borgarstjórn 1. mars 2011 að fengnum tillögum velferðarráðs, eru byggðar á 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, og taka gildi við birtingu.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 3. mars 2011.

Jón Gnarr.

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2011